

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/55/15

frá 20. október 2014

um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Búlgaríu, Eistlands, Króatíu, Lettlands, Lúxemborgar, Ungverjalands, Möltu, Portúgal og Slóvakíu með tilliti til kúariðu

(tilkynnt með númeri C(2014) 7516)

(2014/732/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að aðildarríki, þriðju lönd eða svæði innan þeirra (lönd eða svæði) skuli flokkuð samkvæmt stöðu þeirra með tilliti til kúariðu í einn af þremur flokkum: áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum og áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind.
- 2) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ⁽²⁾ er skrá yfir stöðu landa eða svæða með tilliti til kúariðu.
- 3) Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin gegnir forystuhlutverki við flokkun landa eða svæða út frá áhættu í tengslum við kúariðu. Skráin í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB er tekin saman með hliðsjón af ályktun nr. 20 — Viðurkenning á stöðu aðildarríkja með tilliti til áhættu í tengslum við kúariðu — sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin samþykkti í maí 2013.
- 4) Í maí 2014 samþykkti Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin ályktun nr. 18 — Viðurkenning á stöðu aðildarríkja með tilliti til áhættu í tengslum við kúariðu ⁽³⁾. Auk aðildarríkjana, sem nú þegar eru skráð í viðaukann við ákvörðun 2007/453/EB, eru Búlgaría, Eistland, Króatía, Lettland, Lúxemborg, Ungverjaland, Malta, Portúgal, Rúmenía og Slóvakía viðurkennd í þeirri ályktun sem lönd þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.
- 5) Í júní 2014 dró Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin tímabundið til baka stöðu Rúmeníu að því er varðar að áhætta í tengslum við kúariðu væri óveruleg ⁽⁴⁾, frá og með 27. júní 2014, í kjölfar skýrslu sem barst frá fulltrúa Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar í Rúmeníu um að greinst hefði tilvik kúariðu í landinu.
- 6) Því ætti að breyta skránni í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB svo hún verði í samræmi við ályktun nr. 18 sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin samþykkti í maí 2014 og til að taka mið af síðari ákvörðun Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um að draga tímabundið til baka stöðu Rúmeníu að því er varðar að áhætta í tengslum við kúariðu sé óveruleg.
- 7) Því ber að breyta ákvörðun 2007/453/EB til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/453/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 302, 22.10.2014, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

⁽³⁾ http://www.oie.int/fileadmin/Home/eng/Animal_Health_in_the_World/docs/pdf/2014_A_RESO-18_BSE.pdf

⁽⁴⁾ <http://www.oie.int/animal-health-in-the-world/official-disease-status/bse/lossreinstatement-of-status/>

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND EÐA SVÆÐI

A. Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg

Aðildarríki

- Belgía
- Búlgaría
- Króatía
- Danmörk
- Eistland
- Ungverjaland
- Ítalía
- Lettland
- Lúxemborg
- Malta
- Holland
- Portúgal
- Austurríki
- Slóvenía
- Slóvakía
- Finnland
- Svíþjóð

EFTA-lönd

- Ísland
- Noregur

Þriðju lönd

- Argentína
- Ástralía
- Brasilía
- Síle
- Kólumbía
- Indland
- Ísrael
- Japan
- Nýja-Sjáland
- Panama
- Paragvæ

- Perú
- Singapúr
- Bandaríkin
- Úrúgvæ

B. Lönd eða svæði þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum

Aðildarríki

- Tékkland, Þýskaland, Írland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Kýpur, Litháen, Pólland, Rúmenía, Bretland

EFTA-lönd

- Liechtenstein
- Sviss

Þriðju lönd

- Kanada
- Kostaríka
- Mexíkó
- Níkaragva
- Suður-Kórea
- Taívan

C. Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind

- Lönd eða svæði sem ekki eru skráð í A- eða B-lið.“
-